

LÖG**um breyting á lögum nr. 94 19. júní 1933, um tékka.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

54. grein laganna orðist svo:

Orðið „banki“ merkir í lögum þessum banka, er stofnaðir eru með sérstökum lögum eða starfa samkvæmt sérstakri lagaheimild, sparisjóði, er fengið hafa staðfestingu á samþykktum sínum, svo og Lánastofnun sparisjóðanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 29. desember 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

*Matthías Bjarnason.***LÖG****um breytingu á lögum um fangelsi og vinnuhæli, nr. 38
24. apríl 1973.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 12. gr. laganna bætast nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Fangaverðir mega hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðun.

Fangaverðir eiga rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón sem þeir verða fyrir vegna starfs síns.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.